



***Aðgerðaráætlun fyrir Kirkjubæjarskóla uppfærð 2.11.2020 í samræmi við reglugerð um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar, útgefin 1.11.2020***

**Nemendur:**

**Engin grímuskylda né fjarlægðartakmörk fyrir á yngsta stigi, þ.e. 1.-4. b**

Tveggja metra fjarlægðartakmörk í kennlustofum og matsal fyrir miðstigi og efsta stig.

Grímuskylda fyrir nemendur í 6.-10. b þar sem ekki er hægt að tryggja 2ja metra fjarlægð s.s. í verknámsstofum, tölvurými og í námsgreinum sem kalla á mikla nánd kennara og nemenda.

- Íþróttakennsla innanhúss fellur niður svo og sundkennsla hjá öllum nemendum. Útivera, hreyfing í stofu og bókleg fræðsla kemur í stað hefðbundinnar kennslu.
- Stuðningur á **miðstigi** færir meira inn í aðrar stofur þar sem hægt er að tryggja 2ja metra fjarlægð. Að öðru leyfi er grímuskylda á stuðningsfulltrúa og nemanda inn í kennslustofu.
- Gæta þarf að fjarlægðartakmörkun meðal miðstigs í tónmennt og jafnvel færa kennslu í kennslustofu. Ef ekki tekst að tryggja 2 m fjarlægð er grímuskylda hjá nemendum og kennurum.
- **Nemendum skipt upp í tvö sóttvarnahólf .:**
  - Yngsta stig 1.-4. bekkur – gamli skólagangur
  - Mið- og efsta stig 6.-10. bekkur – nýi skólagangur
  - Áfram notast við sérmerkt salerni fyrir hvern hóp.

**Matar- og kaffitímar**

- Yngsta stig fer í morgunhressingu kl. 9.45, hádegismat kl. 12.10, síðdegishressingu kl. 14.15
- Mið- og efsta stig fer í morgunhressingu kl. 10.00, hádegismat kl. 12.25 og síðdegishressingu kl. 14.25
- Grímuskylda nemenda í 6.-10.b í frímínútum.
- Nemendur á yngsta stigi verða á skólalóð ofan við skólann
- Nemendur á miðstigi og efsta stigi verða á svæði milli skóla og sundlaugar

**Skólaakstur:**

Sömu reglur gilda og um almenningssamgöngur skv. reglugerð frá 30.10.2020 4.gr. en andlitsgrímur skal nota m.a. í almenningssamgöngum. Allir nemendur í skólabíl þurfa því að nota andlitsgrímur á meðan á ferð stendur. Gildir að sjálfsögðu einnig um skólabílstjóra.

**Smitgát – nemendur****Allir:**

Handþvottur áður en farið er í matsal og eftir að inn er komið úr frímínútum. Spritta.

**Mið- og efsta stig:**

Forðast snertingar – halda 2ja metra fjarlægð, ef ekki mögulegt nota grímur !

**Starfsmenn:****Grímuskylda fyrir alla starfsmenn – engar undantekningar**

- Ekki fleiri en 10 fullorðinir á sama svæði
- Lágmarksfjarlægð milli starfsfólks 2 metrar
- Grímuskylda ef ekki er hægt að tryggja tveggja metra fjarlægð
- Tilfærsla starfsfólks milli hópa leyfileg

**Smitgát – starfsmenn:**

Handþvottur og sprittun. Nota grímur !

**Frístund / Gæsla – 1.-4. b**

sömu undanþágur og eru í skóla.

**Þrif og sótthreinsun skólahúsnæðis**

Þrifa skal og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag og sótthreinsa snertifleti milli hópa.

**Mötuneyti:**

Er heimilt að starfa samkvæmt núgildandi ákvæðum fjöldatakmarkanir og nálægðartakmarkanir.

Yngsta stig : 50 í hverju rými

Mið- og efsta stig: 25 í hverju rými

**Foreldrar:**

Skulu ekki koma í skólabyggingar án sérstaks leyfis. **Grímuskylda.**

**Aðrir utanaðkomandi:**

Komur utanaðkomandi aðila takmarkaðar sem mest og alls ekki án leyfis. **Grímuskylda.**

Ítarlegar upplýsingar fyrir foreldra og börn varðandi covid 19 er að finna á [vefsíðu embættis landlæknis](#)

Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum heima ef þau eru veik og hafa samband við símaráðgjöf læknavaktar í síma 1700 eða heilsugæslu á dagvinnutíma ef þau hafa einkenni sem gætu bent til smits af kórónaveirunni.

Að sama skapi er starfsfólk beðið um að halda sig heima ef veikinda er vart. Hægt er að panta skimun fyrir covid-19 á Heilsuveru.

**Aðgerðaráætlun þessi gildir frá og með 3. nóv. til og með 17. nóvember 2020.**

Kirkjubæjarskóli á Síðu 2.nóvember 2020

Katrín Gunnarsdóttir

skólastjóri